

STARFSÁÆTLUN 2023-2024

Molinn miðstöð unga fólksins



Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	2
Opnunartímar Molans.	2
Starfið í vetur.....	2
Hópastarf.....	3
Sumarstarf Molans.....	5
Ráð ungmenna	6
Ráðgjöf og stuðningur.....	7
Skapandi verkefni í Molanum	7
Samstarf við félagsamtök.....	9
Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar 2023-2024.....	10
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	10
Ytra og innra mat	10
Símenntun.....	11
Fjöldatölur.....	12
Starfsfólk Molans 2023-2024.....	13

Hagnýtar upplýsingar

Molinn er til húsa að Hábraut 2 í Kópavogi. Hægt er að hafa samband símleiðis í 441-9290 eða með því að senda tölvupóst á verkefnastjóra Molans hildur.oder@kopavogur.is eða molinn@molinn.is. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum samfélagsmiðla eins og Facebook og Instagram.

Opnunartímar Molans eru eftirfarandi:

Mánudagar 14.00-17.00

Þriðjudagar 14.00-22.00

Miðvikudagar 14.00-22.00

Fimmtudagar 14.00-22.00

Þess má geta að húsið er notað töluvert utan auglýstra opnunartíma fyrir hópa, fundi, æfingar eða annað. Starfssemin er miðuð að ungmennum á aldrinum 16-25 ára en einstaka viðburðir og verkefni geta hentað öðrum aldurshópum. Skoðað verði á nýju starfsári að standa að einstaka föstudagsopnunum.

Starfið í vetur

Í vetur verður lögð áhersla á að innleiða þær breytingar sem Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 11. apríl 2023. Unnið verður sérstaklega að því að þróa ráðgjöf og stuðning og skapandi verkefni. Lögð verður áhersla á að mæta ungu fólki með fjölbreyttu starfi, svo að starfið höfði til sem flestra. Í Molanum leggur starfsfólk sérstaka áherslu á að öll séu velkomin og Molinn sé öruggur staður þar sem ungu fólki líður vel.

Áhersla á 10. bekk og nemendur MK

Mikilvægt er að stuðla betur að samfelli milli félagsmiðstöðva og Molans. Opnanir og viðburðir verða sérstaklega skipulagðar fyrir 10. bekk eins og skíðaferð og útvistarhópur. Starfsmenn og ungmenni frá Molanum munu taka þátt í þessum verkefnum með það að markmiði að 10. bekkingar kynnist því sem Molinn hefur upp á að bjóða. Lögð verður áhersla á að nemendur Menntaskólans í Kópavogi verði einnig sérstaklega hvattir til að nýta sér Molann. Allir nýnemar munu fá kynningu á starfseminni í haust, og nemendafélagið hvatt til að skipuleggja og standa að viðburðum í Molanum.

Samstarf við Menntaskólann í Kópavogi (MK)

Í samtali við MK þá er verið að skoða að Leikfélag MK muni nýta sér aðstöðu í Molanum og jafnvel unnið verkefni í samvinnu við umsjónarmann skapandi verkefna. Nemendaráð MK mun funda í Molanum á næstunni með verkefnastjóra Molans, en áhugi er fyrir því að nemendaráð MK komi einnig að skipulagi dagskrár og viðburða í húsinu, félög eins og Morfís og Gettu betur lið MK hafi einnig æfingaaðstöðu í húsinu í samvinnu við starfsfólk Molans. Staðið verður að nýnemakynningu fyrir alla 1.árs nema MK í haust þar sem starfsemi og þjónusta Molans verður kynnt og hlutverk starfsmanna í húsinu.

Samstarf við félagsmiðstöðvar í Kópavogi

Verkefnastjóri Molans mun funda reglulega með forstöðumönnum félagsmiðstöðva. Mikilvægt er að unnið sé sameignlega að því að nemendur í 10. bekk viti af þeirri þjónustu sem er í boði í

Molanum, og því lögð áhersla á að verkefnastjóri heimsæki nemendur í 10. bekk og kynni starfsemina og í framhaldi eru skipulagðar heimsóknir í Molann. Á vorönn verður lögð sérstök áhersla á 10. bekkjaropnanir þar þeim gefst kostur á að kynnast starfinu og fá jákvæða upplifun á heimsókn í Molann. Í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar verður áfram unnið að sameiginlegum viðburðum eins og skíðaferð og skoðaðir aðrir möguleikar á samstarfi.

Valáfangar

Á næsta starfári er stefnt á að bjóða upp á valáfanga sem grunnskólum Kópavogs stendur til boða. Áfanginn yrði kenndur í Molanum og ber yfirskriftina „Þátttaka ungs fólks og tækifæri,,. Nemendur kynnast starfsemi ætluð ungu fólki á höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega Molanum. Nemendur fá tækifæri til að skipuleggja og taka þátt í starfsemi Molans og öðlast ákveðna þekkingu og reynslu sem nýtist þeim áfram eftir að grunnskólagöngu lýkur.

Samstarf við aðra aðila

Bókasafn Kópavogsbæjar

Bókasafn Kópavogsbæjar ætlar að fá að halda nokkra viðburði fyrir unglinga og ungmenni í húsnæði Molans í samstarfi við starfsfólk. Viðburðirnir passa vel við þær breytingar sem verið er að innleiða í starfsemi Molans og væri ætlað ungu fólki aldrinum 16-25 ára. Bókasafnið hefur einnig staðið fyrir hittingum hjá ungum foreldrum í Kópavogi sem rætt hefur verið að færa yfir Molann.

Ungmennahúsið Hamarinn

Ungmennahúsið Hamarinn hefur verið að vinna gott verkefni sem kallast útiverkefni og viljum við í Molanum fá að vinna þetta verkefni með þeim. Einnig hefur Hamarinn unnið vel með ungmenni á flóttu og viljum við í Molanum einnig leggja áherslu á það. Samstarf við Hamarinn er góð leið til að skiptast á góðum verkefnum og læra hvert af öðru, sem og efla samstarfið á milli þeirra aðila sem vinna með ungu fólki á höfuðborgarsvæðinu.

Rauði krossinn

Molinn vill vera í virku samstarfi við Rauða krossinn og standa að skipulögðu félagsstarfi fyrir ungt fólk á flóttu og ungu fólki af erlendum uppruna. Við viljum grípa þessa einstaklinga og sýna þeim að hér er staður sem þau geta styrkt sín félagslegu tengsl, haft gaman og komist inn í samfélagið okkar. Hugmyndin er að koma á sérstöku hópastarfi á miðvikudögum sem leggur áherslu á að ná sérstaklega til ungs fólks sem hefur annað móðurmál en íslensku. Horft væri til þess að byggja á Velkomin verkefninu sem unnið hefur verið undanfarin ár félagsmiðstöðvunum.

Hópastarf

Opið starf

Stór hluti starfsemi Molans flokkast undir opið frístundastarf. Þá er átt við starf þar sem öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára er velkomið að taka þátt. Ekki þarf að skrá sig eða fá boð um þátttöku og þátttakendur hafa áhrif á hvað er gert hverju sinni. Í Molanum er einnig áhersla á hópastarf. Þá er unnið með ákveðna hópa að ákveðnum verkefnum og markmiðun. Þessir hópar geta verið mjög fjölbreyttir, mis fjölmennir og byggðir upp með mismunandi hætti.

Við innleiðingu á breytingum í starfsemi Molans eru eftirfarandi greinar hafðar að leiðarljósi;



Sértækt hópastarf

Þegar að einn eða fleiri einstaklingar eru hvattir sérstaklega til þess að taka þátt í hópastarfi er átt við sértækt hópastarf. Ástæður geta verið fjölbreyttar og flóknar en markmiðið er samt alltaf að auka á einhvern hátt lífsgæði einstaklingsins, styrkja hann félagslega, hafa áhrif á skoðanir hans og ákvarðanatöku en einnig kæta og bæta. Á daginn koma til okkar unglingar með skólasóknarvanda og erum við að reyna koma þeim hægt og rólega inní starfið hjá okkur. Við munum því leggja upp með að sníða sértækt hópastarf aðallega að þessum krökkum til þess að hjálpa þeim. Einnig sjáum við fyrir okkur að nýta sértæka hópastarfið fyrir ungmenni á flóttu. Sértækt hópastarf er góð leið til þess að byggja upp sambönd, þróa færni og eiga skemmtilega stund saman sem hópur.

Hugmyndir af sértæku hópastarfi í Molanum fyrir næsta starfssár:

- **Forysta og uppbygging færni hópur** (*nafnið er í þróun*)
 - Að skrifa ræðu, og hafa rökræðukeppni.
 - Hvernig gerir maður ferilskrá? Hvernig undirbúum við okkur fyrir atvinnuviðtal?
 - Áskorun við að leysa vandamál.
 - Dæmi um atburðarrás eða dæmisögu þar sem ungmenni eru með áskorun til þess að leysa vandamálið.
- **Kvikmynda- eða spila/leikja hópur**
 - Kvikmyndamaraðon með ákveðnu þema
 - Tölvuleikjamót
 - Spilakvöld
 - Hæfileikasýning
 - Kvikmyndagagnrýni
- **Bókaklúbbur**
 - Klúbbur sem hvetur til lestrar og umræðu um bókmenntir. Meðlimir klúbbsins skoða mismunandi tegundir bóka og deila sínum skoðunum
- **Matar/bökunar klúbbur**
 - Skoðar mismunandi uppskriftir og matargerðir

- Eldum/bökum saman
- **Drauga og norna klúbbur**
 - Skoða yfirnáttúruleg fyrirbæri og ræða saman
 - Lesa drauga- og nornasögur
 - Horfa á heimildarmyndir
- **Stjörnumerki!**
 - Lesa okkur til um stjörnumerki og hvað þau eru
 - Hvað segir stjörnuspeki um okkur og persónulegan vöxt?

Sumarstarf Molans

Skapandi sumarstörf

Á hverju sumri gefst ungu fólki tækifæri á að vinna að eigin verkefnum í Molanum. Kópavogsbær hefur undanfarin ár gert ungmennum bæjarins kleift að vinna að listum sínum og miðla til annarra. Um er að ræða fjölbreytt og ólík verkefni sem þó hafa það sameiginlegt að vera hugarfóstur ungs fólks sem langar til að taka þátt í þessu skemmtilega starfi. Á hverju ári sækir fjölbreyttur hópur ungs fólks um starf, t.d. leikarar, tónlistarfólk, hönnuðir, ljósmyndarar, dansarar, skáld o. fl. Þessir hópar og einstaklingar skipuleggja uppákomur í bænum yfir sumartímann og taka þátt t.d. í hátíðarhöldum á 17. Júní og eru með viðburði og uppákomur yfir sumarið víðsvegar í Kópavogi til að gleðja íbúa Kópavogs.

Í ár voru 25 manns (16 verkefni) ráðnir til starfa ásamt tveimur leiðbeinendum. Verkefnin voru fjölbreytt og áhugaverð líkt og undanfarin ár. Í fyrstu viku sumarsins var farið yfir á Gerðarsafn þar sem starfsfólk Molans hitti verkefnastjóra safnsins, og þeim gefin leiðsögn bæði um sýningar, bókasafnið, Náttúrufræðistofu og starfið sem á sér stað í Menningarhúsunum. Þar var lögð áhersla á samstarf á milli Molans og Menningarhúsanna, og nokkur verkefni sem nýttu sér það samstarf yfir sumarið.

Viðburðir sumarsins voru þó nokkrir og gengu heilt yfir virkilega vel. Stofnuð var hátíðin Bongó í Kópavogi sem varð viðburðahátíð skapandi sumarstarfa. Leik- og danssýningar, upplestrar og tónleikar ásamt 17. júní og öðrum skemmtilegum uppákomum voru bæjarbúum aðgengileg og þeim að kostnaðarlausu. Mörg verkefni héldu áfram í þróun og sýningu fram á haustið þar sem tekið var þátt í sýningum á vegum Hamraborgar Festival, Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Bíó Paradís.

Á lokahófi Skapandi sumarstarfa sýndu svo allir hópar afrakstur sumarsins við góðar undirtektir. Hóparnir sýndu í Molanum og bílakjallara Molans, en einnig var leiksýning í lokinn við Grandahvarf 2, Vatnsenda. Í ár var svo í fyrsta skipti haldin Uppskeruhátíð í **Salnum** í Kópavogi 17. ágúst en sú hátíð var að mörgu leyti svipuð sjálfri lokahátíðinni, en ein af meginástæðum þess að sú hátíð var haldin var til að bjóða bæjarstjóra, bæjarstjórn og öðrum bæjarbúum að njóta afrakstur sumarsins og sýna jafnframt fram á mikilvægi þessa starfs. Það hefur því miður einkennt lokahófið undanfarin ár að lítil mæting hefur verið frá stjórnendum hjá Kópavogsbæ vegna sumarfría. Öllum ungmennum sem höfðu starfað í sumar var boðið að taka þátt og almennt mikill áhugi. Þrátt fyrir að hátíðin hefði verið haldin 2 vikum eftir lok vinnutímabilsins

gátu samt allir mætt nema tveir starfsmenn. Það náðist því að sýna brot úr nánast öllum verkum sumarsins. Flest verkin voru sýnd á sviðinu en einnig voru nokkrir básar frami í anddyri Salarins. Hátíðin gekk vel og er stefnt á að halda hana aftur næsta sumar.

Vegglistaverkefni Molans

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar verið ráðnir til starfa við að skreyta veggi víðsvegar um bæinn með myndlistaverkum. Einstaklingarnir eru með mismunandi bakgrunn og stíla en í Molanum fá þau tækifæri til að nýta hæfileika sína til að fegra veggi og undirgöng undir leiðsögn leiðbeinanda. Í ár voru 4 aðilar ráðnir, allir með mismunandi bakgrunn ásamt einum vegglistar leiðbeinanda. Tækni og þekking þeirra var fjölbreytt sem gerði hópinn samheldnari og öflugri þegar leið á sumarið. Sérstaklega var gaman að sjá hvað þau áttu auðvelt með að vinna sem einstaklingar og sem hópur.

Starfsfólk Molans undirbjó vel að finna veggi fyrir sumarið í samráði við umhverfissvið bæjarins og einkaaðila. Þetta skipti sköpun fyrir verkefnið, og mikilvægt að hafa öruggt aðgengi að veggjum strax í upphafi. Hópurinn var einnig öflugur og sjálfstæður í því að finna veggi og fara í ferlið sem þarf til að fá leyfi fyrir að mála veggi. Heilt á litið var þetta mjög gott sumar hjá vegglististar hópnum. Auðvitað má alltaf vonast eftir betra veðri en þegar leið á sumarið áttaði hópurinn sig á því að það væri ekki hægt að treysta á veðurspána. Hópurinn náði því að gera góða undirbúningsvinnu á rigningardögum, og það skilaði sér í vel úthugsuðum verkum.

Fyrir lokahófið gerði hópurinn bækling þar sem umfjöllun um hvern og einn vegglistamann kom fram ásamt myndum og korti af staðsetningum verka í Kópavogi. Allir í hópnum náðu að fara út fyrir þægindarammann í sumar og læra enn betur á nýja tækni, hvort sem það var sprengi eða málning. Í heildina urðu til ellefu vegglistaverk víðsvegar um Kópavog, bæjarbúum til mikillar gleði og upplifunar.

Ráð ungmenna

Húsráð Molans

Húsráð Molans hittist mánaðarlega og er opið öllum sem vilja taka þátt í móta starfssemi Molans. Húsráðið skipuleggur dagskrá Molans og stýrir áherslum í starfi Molans. Þar er unnið að eflingu á lýðræðislegum vinnubrögðum. Húsráðið sér einnig um að koma að innkaupum fyrir Molann. Húsráð Molans er opið ráð og því öllum áhugasömum velkomið að taka þátt. Reglulega eru ákveðnir aðilar hvattir til að taka þátt, þá sérstaklega aðilar sem talið er að geti haft jákvæð áhrif á ráðið, sem og aðilar sem gætu haft gott af því að taka þátt í svona vinnu.

Samfés +

Fulltrúaráð Samfés 16+ starfar á landsvísu og geta fulltrúar í ráðinu verið alls staðar að af landinu. Fulltrúar eru á aldrinum 17-25 ára. Ráðið hittist 10-12 sinnum yfir veturinn og er allur ferða- og fundarkostnaður ungmennaráðsins greiddur af Samfés. Fulltrúaráðið heldur utan um Landsþing SamfésPlús, og tekur virkan þátt í verkefnum og ákvarðanatöku í málefnum samtakanna. Fulltrúar ráðsins fá tækifæri til þess að koma fram og sitja á ráðstefnum og fundum um málefni tengd ungmennum og æskulýðsmálum hér á landi og erlendis. Molinn vinnur að því að eiga fulltrúa í þessu ráði. Okkar fulltrúar munu þannig hafa rödd innan ráðsins en ekki síður miðla þeim hugmyndum og ákvörðunum sem teknar eru til ungmenna og starfsfólks í Molanum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir Bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, og er sameiginlegur fulltrúi skóla/félagsmiðstöðvar. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum, og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig Bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ráðgjöf og stuðningur

Ráðgjafi ungmenna

Ráðgjafi í málefnum ungmenna hefur umsjón með og skipuleggur samfellda þjónustu er snýr að stuðningi við ungmenni í Kópavogi. Hann stuðlar að samþættingu í þjónustu við aðrar stofnanir sem sinna málefnum ungmenna í Kópavogi, þannig að viðkomandi ungmenni fái heildstæða og markvissa þjónustu í samræmi við þarfir. Ráðgjafi skipuleggur og stýrir sértæku hópastarfi í Molanum miðstöð unga fólksins sem snýr að stuðningi og ráðgjöf við ákveðna hópa ungmenna. Starfið felur í sér áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi og hefur snemmtækan stuðning og íhlutun að leiðarljósi. Unnið er að ráðningu ráðgjafa ungmenna, en í samvinnu við skólaþjónustu grunnskóladeildar og verkefnastjóra Molans og aðra starfsmenn Molans verður boðið á næstunni upp á sértækt hópastarf þar sem áhersla verður lögð á að ná til nemenda sem glíma við skólasóknarvanda, í góðri samvinnu við foreldra. Lagt er upp með að ná til nemenda í 10.bekk eða til þeirra nemenda sem munu ljúka grunnskólagöngu sinni vorið 2024. Þegar ráðningu ráðgjafa ungmenna er lokið, þá mun sá starfsmaður koma með markvissum hætti inn í skóla- og félagsmiðstöðvar og vera sýnilegri bæði starfsfólki og nemendum ásamt því að veita stuðning og ráðgjöf í Molanum miðstöð unga fólksins.

Skapandi verkefni Molans

Molinn er innleiða breytingar í þjónustu Molans miðstöð unga fólksins. Eitt af því er að efla enn betur og gera sýnilegra ungu fólki skapandi starf. Metnaðarfullt starf hefur farið fram undanfarin ár í gegnum Skapandi sumarstörf og nú er markvisst unnið að því að mæta ungu fólki betur með aðstöðu og aðstoð við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og þróa listsköpun sína allt árið í kring. Unnið er að því að auka samstarf við Menningahús Kópavogsbæjar þar sem unnið verði í sameiningu að veita ungu fólki aðstöðu og skapa vettvang til fjölbreyttrar list-,menningar- og nýsköpunar, og aðstöðu til náms og fræðslu. Haft verður að leiðarljósi að virkja ungt fólk til þátttöku á öllum stigum vinnunnar. Til að mynda verður ungt fólk ráðið í tímavinnu við Molann til að skipuleggja og halda utan um smíðjur, námskeið og viðburði. Haft verður samstarf við Leikfélag MK, Leikfélag Kópavogs og Myndlistarskóla Kópavogs, sem og verður haft samráð við Ungmennaráð Kópavogsbæjar og húsráð Molans þar sem þeim verður kynnt það skapandi starf sem ungu fólki býðst í Kópavogi. Skoðaðir verða mögulegir samstarfsfletir við Listaháskóla Íslands, Tækniskólann með hliðsjón af kennslu eða möguleika á nýtingu búnaðar og aðstöðu ef þess þarf.

Umsjónarmaður skapandi verkefna er nýtt starf í Molanum. Umsjónarmaður ber ábyrgð á og skipuleggur skapandi störf með ungu fólki í samvinnu við verkefnastjóra í Molanum miðstöð unga fólksins. Hann annast þátttöku, leiðsögn og skipulagningu á verkefnum, námskeiðum, sýningum og viðburðum tengt list, -, menningu- og nýsköpun fyrir ungt fólk aldrinum 16-25 ára, og er með aðstöðu í Molanum miðstöð unga fólksins. Umsjónarmaður skapandi verkefna mun einnig vinna í nánú samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi í tengslum við viðburði, sýningar og fleira. Komin er námskeiðsáætlun og viðburðadagatal til að efla og gera skapandi starf ungs fólks sýnilegra íbúum í Kópavogi. Fimmtudagskvöld verða skapandi kvöld í Molanum, en á döfinni er m.a. málningarsmiðja, saumasmiðja, tónlistarsmiðja frá tónlistarkonunni Hildi Kristínu Stefánsdóttur og textasmiðja frá Reykjavíkurdætrum. Stærri viðburðir verða unnir með ungmennunum sjálfum og er hugmyndin að vinna áfram í anda skapandi sumarstarfa þar sem ungu fólki gefst tækifæri á að taka þátt í viðburðum tengt list, menningu og nýsköpun og hafi aðstöðu í Molanum til að sinna sinni listsköpun. Umsjónarmaður mun einnig vinna markvisst að góðu kynningarefni og auglýsingum til að setja á samfélagsmiðla, MEKÓ síðuna og aðra miðla til upplýsinga fyrir ungt fólk og bæjarbúa í Kópavogi. Í Molanum er einnig gott stúdíó sem ungmenni hafa aðgengi að og er vel sótt í dag. Stúdíóið er hægt að nýta sér eins og hentar í samvinnu við starfsmenn Molans. Þegar boðið verður upp á tónlistarsmiðjur mun stúdíóið koma að góðum notum og verður áfram markvisst unnið að því að kynna þá aðstöðu fyrir ungu fólki í sveitarfélaginu.

Hér má sjá viðburðadagskrá skapandi verkefna fram að áramótum;

	MOLINN	
VIÐBURÐADAGSKRÁ SKAPANDI VERKEFNA		
HAUST 2023		
19. OKT	LISTMÁLUNAR SMÍÐJA	
26. OKT	SAUMAKLÚBBUR	
2. NÓV	SAUMAKLÚBBUR #2	
9. NÓV	TÓNLISTARSMÍÐJA MEÐ HILDI KRISTÍNU	
16. NÓV	SPUNANÁMSKEIÐ	
23. NÓV	SMÍÐJA MEÐ REYKJAVÍKURDÆTRUM	
30. NÓV	KAREOKE KVÖLD MEÐ PINK X-RAY	
7. DES	JÓLAFÖNDUR OG KAKÓ	
14. DES	JÓLAFÖNDUR OG KAKÓ	

Umsjónarmaður skapandi verkefna hefur til að mynda sent inn umsókn til Lista- og menningarsjóðs Kópavogs þar sem markmið með umsókninni er að sameina krafta Molans með öðrum stofnunum bæjarins sem vinna að því að skapa vettvang og styðja ungt fólk til listsköpunar. Haldin hafa verið svo kölluð tilraunakvöld, viðburðir sem að heppnuðust einstaklega vel hjá okkur í sumar þar sem að ungu sviðslistafólki var boðið að koma og sýna efni sem ennþá var í vinnslu og fá viðbrögð áhorfenda. Þetta reyndist mjög nytsamlegt fyrir

listamennina og frábær skemmtun fyrir áhorfendur, tilraunakvöldin voru tvö og bæði vel sótt. Í vetur langar okkur að bjóða áfram upp á tilraunakvöld en einnig geta haldið kvöld með áherslu á ákveðin listform. Þar má nefna sér kvöld tileinkað sviðslistum, tónlist og uppistandi. Í Molanum er frábær aðstaða til að halda slíka viðburði en einnig værum við til í að halda viðburði innan Menningarhúsanna ef það er mögulegt. Tónleikar, leikrit, leiklestrar, upplestrar, danssýningar og fleira. Umsjónarmaður skapandi verkefna hefur nú þegar setið fund með starfsfólki Menningarhúsanna og rætt samstarfsmöguleika við Molann.

Samstarf við félagsamtök

Bergið headspace - Í lok nóvember mun Bergið headspace hefja ráðgjöf og stuðning í Molanum. Markmið með samstarfinu er að styrkja starfsemi er snýr að ráðgjöf og stuðning í Molanum miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins headspace er ungmennum að kostnaðarlausu, og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi, og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og hugmyndafræði Headspace snýst um. Horft er til þess að ráðgjafi á vegum Bergsins headspace muni hafa viðveru í Molanum að jafnaði einn dag í viku, 3 tíma í senn. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjafi hlustar, metur vandann, vinnur í gegnum viðtöl með ungmenni og ef þörf er á, aðstoðar viðkomandi við að komast í meðferð eða að fá viðeigandi aðstoð annars staðar. Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Kóru Connect, ekki er um að ræða meðferð heldur ráðgjöf og snemmtæka íhlutun.

Píeta samtökin – Unnið verður áfram að því að ræða hugsanlega samstarfsfleti og fyrirkomulag við Píetasamtökin. Stefnt er að fundi í nóvember með framkvæmdastjóra og starfsfólki samtakanna.

Samtökin '78 - Búið að funda með framkvæmdstjóra Samtakanna '78. Unnið er að tilboði í fræðslusamning til Kópavogsbæjar sem tekur mið af fræðslu til starfsfólks skóla, starfsfólks frístunda/félagsmiðstöðva, fræðsla til starfsfólks leikskóla, stjórnenda, og þjálfara íþróttafélaga. Vegna anna hjá Samtökunum '78 þá er stefnt á að hefja samstarf haustið 2024 en mikill vilji og áhugi er fyrir samstarfinu, þetta er með fyrirvara um að tilboð sem Kópavogsbær fær vegna fræðslusamnings fáið samþykkt.

Samfés+ - Fundað verður með framkvæmdastjóra og verkefnastjóra Samfés þar sem tilgangur fundarins er að vinna meira að sameiningu í tengslum við verkefnið Samfés+. Markmið og tilgangur með samstarfinu er að efla þátttöku ungmenna í starfi Samfés+ sem og í samvinnu við önnur ungmennahús á höfuðborgarsvæðinu. Samfés+ stendur að jafningjafræðslu þar sem ungt fólk fræðir um málefni ungmenna. Með samstarfinu er það okkar von að tengja ungmenni sem Molann sækja betur við önnur ungmenni og hvetja þau til að hafa áhrif á málefni sem snúa að þeirra aldurshópi og vinna að viðburðum á vegum Samfés. Molinn myndi í samstarfi við Samfés+ vilja að standa að viðburðum á vegum Samfés í Molanum sem og að koma á starfshópi aðila sem vinna sambærilega vinnu í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Með aukinni samvinnu við aðra væri hægt að skiptast á góðum verkefnum og efla samstarfið.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Bæta líðan, félagslega virkni þátttakenda fyrir mitt ár 2024 með ráðgjöf og stuðning við ungt fólk (16 til 25 ára). Þeir sem nýta sér þjónustu Molans upplifi betri líðan.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi Molans.
- Efla hreyfingu ungs fólks sem fellst meðal annars í því að taka út nýtingu frístundastyrks á meðal ungs fólks á aldrinum 16-18 ára.
- Auka tækifæri til atvinnu- og starfsþjálfunar.

Verkferlar

Neyðaráætlun

Deildarstjóri frístundadeildar í samvinnu við húsvörð Molans fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna.

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum.

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Auk þess eru aðrir gátlistar hafðir að leiðarljósi í hópastarfi.

- Gátlisti er varðar félagslega einangraða
- Gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku
- Gátlisti varðandi sértækt hópastarf

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Starfsfólk tekur þátt og fær upplýsingar um rýmingaáætlun og æfingu hjá húsverði stofnunar.

Ytra og innra mat

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða stofnun fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem stofnunina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Innra mat

Stefnt er að því árið 2024 að leggja fyrir kannanir til skoða og meta þjónustu Molans. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem ungmenni meta árangur og ánægju með starf Molans. Markmið könnunar er einnig að ná til ungmenna sem standa höllum fæti og

meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í starfi Molans. Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við ungmennin um starf Molans í gegnum húsráð Molans og Ungmennaráð Kópavogsbæjar.

Símenntun

Fræðslunámskeið er haldið í upphafi starfsárs ásamt starsfmannafraeðslum yfir starfsárið sem öllu starfsfólki Molans býðst að mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk frístundadeilar um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirletra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntunaráætlun 2023-2024

Dagsetning	Fræðsluerindi	Efni	Staðsetning	Leiðbeinandi
23. ágúst	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <u>Böll, útivaktir, sértækt hópastarf, nýir starfsmenn, tilkynning til barnaverndar, frístundadeild</u>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25. ágúst	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði ☺	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálþ	Skyndihjálþ	Fræðsluvefur Kópavogsbær	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október	Hinsegin fræðsla – Hinsegin vika í tengslum við Forvarnardaginn	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Verum góð
6. nóvember	Verkfærakistu-Dagur Spilasmíðja, D&D, brjóstsykursgerð, föndur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Félkó-miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4. desember	Fræðsla-Farsældarlögin	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð, innleiðingar-teymi farsældarlaga á menntasviði
8. janúar	Sjálfsvarnarnámskeið	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25. janúar	Stjórnendafræðsla	Árangur í teymisvinnu	Fannborg 2, herbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5. febrúar	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi Reykjavíkur-borgar og Samfés
4. mars	Verkfærakistu-dagur	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn

Fræðsla sem Molinn mun standa að í vetur;

<i>Dagsetning</i>	<i>Fræðsla</i>	<i>Staðsetning</i>
17.janúar	Hvetjandi ungt fólk	Molinn
21.febrúar	Borgarleg þátttaka	Molinn
20.mars	Leiðtogafræðsla	Molinn
17.apríl	Verkefna- og tímastjórnun	Molinn
15.maí	Neteinelti <i>Hvernig er hægt að þekkja og bregðast við neteinelti?</i>	Molinn

Fjöldatölur 2022-2023

September	1041
Október	779
Nóvember	752
Desember	522
Janúar	501
Febrúar	487
Mars	810
Apríl	844
Maí	1012
Júní	1498
Júlí	1277
Ágúst	232

Starfsfólk og starfsheiti

- Hildur Öder Einarsdóttir – Verkefnastjóri 100%
- Ráðgjafi ungmenna – 100% (á eftir að ráða)
- Katrín Birna Vignisdóttir- Umsjónarmaður Skapandi verkefna 50%

- Guðný Lilja Pálsdóttir- Frístundaleiðbeinandi II 30%

Tímavinnustarfsmenn (20% starfshlutfall er nýtt í tímavinnu)

- Grímur Smári Hallgrímsson – Frístundaleiðbeinandi
- Iðunn Gígja Kristjánsdóttir – Frístundaleiðbeinandi
- Katla Pétursdóttir - Frístundaleiðbeinandi
- Margrét Rún Styrnisdóttir – Frístundaleiðbeinandi